

# Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar 2016-2019

## Greinargerð sveitarstjóra

### Almennt - forsendur

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2016 ásamt þriggja ára áætlun 2017-2019 er hér lögð fyrir sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar til samþykktar. Forsendur áætlunarinnar taka m.a. mið að upplýsingum frá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og þeim gögnum sem þar voru lögð fram. Jafnframt er horft til spár Seðlabanka Íslands um þróun verðlags á komandi ári.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að álagning útsvars verði 13,14% og áætlaðar útsvarstekjur taka mið af staðgreiðsluáætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fasteignagjaldstofn ársins 2015 hefur verið uppreiknaður og er miðað við þá niðurstöðu varðandi tekjur af álagningu fasteignaskatts og fasteignatengdra gjalda.

Ekki er gert ráð fyrir framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2016.

Áætlun um greiðslu launa hefur verið unnin en þar er um að ræða talsverða hækkun að ræða frá því sem áætlað var á árinu 2015. Almennt er gert ráð fyrir því að laun hækki um 10% á árinu 2016 vegna nýlegra kjarasamninga sem gerðir hafa verið.

Þá tekur fjárhagsáætlun fyrir komandi ár einnig mið af afstemmdu 8 mánaða árshlutauppgjöri ársins 2015.

Aðrar forsendur sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar við gerð fjárhagsáætlunar 2015 eru fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og fyrirbyggjandi þriggja ára áætlun árána 2016 – 2018.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er eitt mikilvægasta stjórnþæki hvernar sveitarstjórnar og skal hún vera stefnumarkandi um ráðstöfun tekna og gjalda vegna m.a. reksturs og fjárfestinga sveitarsjóðs og undirfyrirtækja. Þess vegna er mikilvægt að stjórnendur, forstöðumenn og allir starfsmenn sveitarfélagsins gæti þess að fylgja í hvívetna ákvæðum gildandi fjárhagsáætlunar. Öðruvísi næst ekki sá árangur í rekstri sveitarfélagsins sem að er stefnt.

### Rekstur

Fjárhagsáætlun ársins 2016 byggir að grunni til á uppfærðri áætlun ársins 2015 en engu að síður hefur verið farið ítarlega yfir alla rekstrarliði áætlunarinnar og þeir hækkaðir eða lækkaðir eftir því sem við átti.

Tillögur forstöðumanna um rekstur, viðhald og búnaðarkaup voru lagðar til grundvallar að gerð fjárhagsramma fyrir hvern einstakan málaflokk og deild. Starfsfólk skrifstofu vann fjárhagsrammanna ásamt fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórn og voru þeir í framhaldinu sendir forstöðumönnum til frekari skoðunar. Rekstur Hvalfjarðarsveitar er afar umfangsmikill og ljóst er að gæta þarf aðhalds og sparnaðar á næstu árum svo unnt verði að bæta rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins.

### Almennar verðlagsforsendur

Verðbólga á árinu 2015 hefur verið í ágætu samræmi við þjóðhagsspár en gagnvart árinu 2016 ríkir nokkur óvissa um þróun verðlags t.d. vegna óvissu á vinnumarkaði og áhrifa kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu 2015 með umtalsverðum launahækkunum.

Í fjárhagsáætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir 4,0% hækkun verðlags.

## Launaliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir hækkun launa í samræmi við gildandi kjarasamninga. Í samræmi við kjarasamninga sem gerðir hafa verið þá eru launaliðir fjárhagsáætlunarinnar að jafnaði hækkaðir um 10,0% frá árinu 2015.

## Útsvar

Áætlunin gerir ráð fyrir lækkun útsvars á árinu 2016 og þannig mun útsvarssvarshlutfallið verða 13,14% fyrir árið 2016 en það var 13,64% á árinu 2015. Útsvarsstofninn er uppfærður frá árinu 2015 miðað við staðgreiðsluáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## Fasteignaskattur

Í fjárhagsáætlun ársins 2016 er gert ráð fyrir eftirfarandi álagningu fasteignaskatts:

A-hluti 0,44% af fasteignamati sem er óbreytt frá 2015.

B-hluti 1,32% af fasteignamati, sem er óbreytt frá 2015.

C-hluti 1,65% af fasteignamati, sem er óbreytt frá 2015.

Til skýringar þá er A-hluti fasteigna m.a. íbúðarhúsnæði og útihús í sveitum. B-hluti fasteigna eru opinberar byggingar og C-hluti er atvinnuhúsnæði.

## Fasteignatengd gjöld

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að fasteignatengd gjöld verði óbreytt frá því sem var á árinu 2015. Hins vegar er gert ráð fyrir að lóðarleiga í Melahverfi verði lækkuð úr 2,0% í 1,25% af fasteignamati lóða.

## Jöfnunarsjóður

Ekki er gert ráð fyrir framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í fjárhagsáætlun ársins 2016.

## Íbúafjöldi 632

Íbúafjöldi er 632 manns. Í forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 1.0 % fjölgun íbúa.

Í fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árin 2017-2019 er gert ráð fyrir 1% árlegri fjölgun íbúa.

## Vatnsveita

Gert er ráð fyrir framkvæmdum vegna vatnsveitu að fjárhæð kr. 10 milljónir í áætlun ársins 2016 og sömu fjárhæð árlega í þriggja ára áætlun 2017-2019.

## Hitaveita

Gert er ráð fyrir framkvæmdum vegna hitaveitu að fjárhæð kr. 15 milljónir í áætlun ársins 2016 og sömu fjárhæð árlega í þriggja ára áætlun 2017-2019.

## Gatnagerð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir nýframkvæmd í gatnagerð í Melahverfi. Áætlaður kostnaður er kr. 30 milljónir. Gert er ráð fyrir tekjum á fjárhæð kr. 10 milljónir vegna

innheimtu gatnagerðargjalds. Í þriggja ára áætlun 2017-2019 er árlega gert ráð fyrir kr. 10 milljónum til gatnagerðar og sömu fjárhæð tekjumegin vegna álagðs gatnagerðargjalds.

### **Kaup á landi**

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir kaupum á landi við Melahverfi. Kauptilboð sveitarfélagsins að fjárhæð kr. 40 milljónir hefur verið samþykkt en kaupsamningur er ekki undirritaður.

### **Lántaka**

Í fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2016 er ekki gert ráð fyrir lántöku vegna reksturs eða fjárfestinga.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að á árinu 2016 verði rekstrarniðurstaða samstæðu A og B hluta jákvæð um 17,7 millj. króna.

Áætlað er að tekjur A og B hluta verði um 717,5 millj. kr. og að rekstrargjöld verði um 727,3 millj. kr.

Handbært fé í árslok 2016 er áætlað kr. 23,5 millj. kr.

Eignfærð fjárfesting á árinu 2016 er alls 85 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 65,2 millj. króna eða tæp 10 % af skatttekjum.

Sveitarstjóri vill þakka starfsfólki á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og forstöðumönnum fyrir þeirra mikilvæga framlag við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

**Hvalfjarðarsveit 15. desember 2015**  
**Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.**